

71. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn í húsi ÍSÍ í Laugardal 27.oktober 2016 og hófst kl. 11.30.

Mætt voru: Borghildur Erlingsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Róbert Kjara og Gry Ek. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Mótaskrá 2017.
Ása lagði fram tillögu mótanefndar um mótaskrá 2017. Hún var samþykkt.
Stjórnin ítrekaði að innanfélagsmót verði auglýst á heimasíðu KRAFT eftir óskum félaga, en fara ekki á mótaskrá. Opin mót má setja á mótaskrá, og fer þá framkvæmd þeirra fram að öllu leyti samkvæmt reglugerð um kraftlyftingakeppni. Stjórnin ítrekar nauðsyn þess að koma í framkvæmd nýjum reglum um úttekt á framkvæmd móta.
Róbert gengur frá og birtir mótaskrána opinberlega á kraft.is
3. Landsliðsmál.
Gry gerði grein fyrir stöðu mála. Tilnefningar hafa borist frá félögum og hefur landsliðsnefnd farið yfir. Fundað verður með þjálfararáðið 5.nóvember nk og gerð drög að fjárhagsáætlun fyrir landsliðsverkefni. Beðið er eftir tillögum þjálfararáðs að lágmarkum í klassískri bekkpressu.
Nauðsynlegt er að endurskoða texta landsliðssamninganna.
Gry er með málið.
4. Afrekssjóður
Umsóknir í afrekssjóð verða til umræðu á fundi með þjálfararáði. Til afreksmanna teljast þeir sem hafa ná A-lágmarkum í opnum flokki.
Ása er með málið.
5. Dómaramál
Stjórn samþykkti að gera tilraun með að skipa dómara fyrirfram á mótum í vor og birta. Framhaldið ræðst af hvernig til tekst, og þá líka hvort breyta þurfi reglugerð. Nauðsynlegt er líka að fara yfir dómaraalista og tryggja að þar sitji eingöngu menn með réttindi.
Gry fer í málið með dómara nefnd.
6. Agamál.
Lögð var fram skýrslu dómara um framkvæmd ÍM í réttstöðulyftu á Patreksfirði í september sl. Ákveðið var að vísa málið til aganefndar til afgreiðslu. Ása vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Borghildur býr málið í hendur aganefndar.
Róbert vék af fundi.
7. Formannafundur að hausti
Ákveðið var að boða til fundar með formönnum 26.nóvember nk.
Gry boðar fundinn.
8. Ársþing IPF
Kári Rafn Karlsson verður fulltrúi KRA á ársþinginu. Stjórnin styður þær tillögur sem stjórn IPF leggur fyrir þingið til atkvæðagreiðslu. Ása tók að sér að fara yfir tillögurnar frá aðildarlöndum og kynna fyrir stjórn.
9. RIG 2017
Gry upplýsti um gang mála, en verið er að ganga frá keppendalista.
Sambandið þarf að borga undir 4 dómara til landsins, ferð og gisting.
10. Önnur mál
Vegna falls eins keppanda á lyfjaprófi í EM í bekkpressu í ágúst sl. færast Einar Örn Guðnason upp um sæti og fær bronsverðlaun í sínum flokki.
Róbert birtir frétt um málið.

Fundi slitið 13.45

Fundarritari Gry Ek